



## **Reglur um niðurgreiðslu Höfðahrepps á daggæslu í heimahúsum.**

1. Höfðahreppur greiðir niður dagvistun í heimahúsum fyrir börn á aldrinum 6 mánaða til 6 ára aldurs þegar barnið:
  - á lögheimili í sveitarfélaginu
  - er á biðlista eftir leikskólaplássi í sveitarfélaginu.
  - fær ekki pláss á þeim tíma dags sem sótt er um.

Foreldrar með lögheimili á Skagaströnd sem vegna náms dvelja tímabundið í öðru sveitarfélagi eiga rétt á niðurgreiðslu á daggæslugjöldum ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- Einstætt foreldri eða báðir foreldrar stundi fullt dagnám (20 ein)sem vari í 2 ár eða lengur.
- Fyrir liggi staðfest leyfi daggæsluaðila frá viðkomandi sveitarfélagi.

Niðurgreiðsla fellur niður eigi síðar en 1. júní það ár sem viðkomandi barn verður 6 ára.

Daggæsluaðili getur átt rétt á niðurgreiðslu fyrir eigið barn. Gildir það einungis um eitt barn og er háð sömu skilyrðum og reglur þessar taka til.

2. Daggæsla er ekki niðurgreidd ef foreldri hafnar tilboði um laust pláss á leikskólanum.
3. Niðurgreiðslur eru ákveðnar af Leikskólanefnd Höfðahrepps í samráði við daggæslufulltrúa Félagsþjónustu A-Hún. og er grunnverð mánaðargreiðslna í september 2003:
  - 1.500 kr á mánuði fyrir hverja daggæslustund, fyrir börn hjóna/sambúðaraðila.
  - 1.875 kr á mánuði fyrir hverja daggæslustund, fyrir börn einstæðra foreldra.

Hámark niðurgreiðslu er 8 tímar á dag og er því kr. 12.000 kr/mán. fyrir börn hjóna/sambúðafólks og 15.000 kr/mán. fyrir börn einstæðra foreldra. Ekki er niðurgreiddur annar kostnaður en gæslan sjálf, þe. ekki er tekið tillit til fæðiskostnaðar eða annars sértæks kostnaðar vegna gæslunnar. Niðurgreiðslurnar ná til gæslu sem fram fer á tímabilinu kl 7.30 – 18.00 virka daga og allt að 11 mánuði á hverju ári. Leikskólanefnd, í samráði við daggæslufulltrúa, endurskoðar árlega grunnverð niðurgreiðslu og skal sú endurskoðun m.a. taka mið af breytingum á leikskólagjöldum.

4. Daggæsluaðili verður að hafa leyfi félagsmálanefndar til dagvistunar.
5. Umsóknum um niðurgreiðslu ásamt samþykki frá daggæsluaðila skal skilað til daggæslufulltrúa Félagsþjónustu A-Hún sem metur og afgreiðir umsóknina. Skal umsókn um niðurgreiðslu hafa borist eigi síðar en 20. dag umsóknarmánaðar. Greiðslur eru þá inntar af hendi næstu mánaðarmót. Ekki eru veittar niðurgreiðslur aftur í tímann, jafnvel þó umsækjandi hafi átt rétt á þeim en ekki leitað þeirra. Daggæslufulltrúi skal veita upplýsingar um skilyrði niðurgreiðslna og önnur atriði sem máli kunna að skipta og veita umsækjendum nauðsynlegar leiðbeiningar og aðstoð við gerð og frágang umsókna. Umsækjandi skal gefa þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að sannreyna megí rétt hans. Ákvörðunum daggæslufulltrúa er unnt að skjóta til leikskólanefndar ef umsækjandi telur ákvörðun um niðurgreiðslur ekki í samræmi við aðstæður sínar.
6. Eftir að daggæslufulltrúi hefur samþykkt umsókn fer hún til afgreiðslu á skrifstofu Höfðahrepps. Daggæsluaðili skal mánaðarlega skila til daggæslufulltrúa, fyrir hvert barn, skráningarblaði yfir tímafjölda, árituðu af foreldri/forráðamanni til að hljóta greiðslu. Daggæsluaðili/foreldri sem verður uppvíst að rangfærslum við upplýsingagjöf eða misnotkun á aðstöðu sinni vegna þessara reglna missa rétt sinn til niðurgreiðslna. Gildir það jafnt um tímaskráningu, upplýsingar um raunverulega hjúskaparstöðu og annað sem kann að hafa áhrif á greiðslur til viðkomandi. Leikskólanefnd getur samþykkt frávik frá þessum reglum í einstökum tilvikum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi skv. ábendingum eða tilmælum daggæslufulltrúa, félagsmálastjóra eða félagsmálaráðs.
7. Reglur þessar gilda frá 1. október 2003.

**Samþykktar í Hreppsnefnd Höfðahrepps 7. október 2003.**

---

Sveitarstjóri Höfðahrepps.